

Stjórnarfundur 31. janúar 2020

Dagskrá

1. Tilboð í tölvukerfi - mínar síður

Farið yfir tilboð í mínar síður og fleira. 1.000.000 samþykkt. Umræða um Fuglar, kostnað sem þeir taka fyrir gagnaskil. Óánægja með rukkanir frá þeim. Lénið “Leiðsögn.is” athuga með að kaupa það.

2. Páll Einars og Reykjanesið – fræðsludagskrá

Vegna óróa við Þorbjörn í Grindavík. Ákveðið að ath með fyrirlestur fyrir félagið.

3. Aðalfundur 28.4. - áframhaldandi undirbúningur

Ath með sal, stjórnarkjör, lagabreytingar og reglugerðabreytingar. Skipa nefnd um laga- og reglugerðabreytingar.

Senda póst um dagsetningu aðalfundar og benda á laganefnd og ef félagsmenn vilja senda inn hugmyndir um lagabreytingar og svo frv. Fá utanaðkomandi fundarstjóra. Ath með trúnaðarráðsfund 12. febrúar. Umræður um félagsfund 9. mars. Stefnt skal að því að hafa heimasíðuna þá klára. Yfirfara kjörskrá.

Setja uppl á heimasíðu um símagreiðslur Svanb sendir punkta.

4. Kæra á hendur Kára

Fundað í morgun með Kára um möguleikann á að leita sátta. Snýst um útvarpsviðtal þar sem m.a. var talað um ”hulduskólinn”.

5. Vinnustaðaeftirlit

Búið að fara í eina ferð (Pétur, Óskar og Valdimar) þar sem kínverskir leiðsögumenn voru stöðvaðir og lögregla kölluð til.

6. Kínverjar

Umræður um að fá fund með kínverska sendiherranum vegna ólöglegar leiðsagnar.

7. Eignir sjúkra- og orlofssjóðs

Í raun er um að ræða tvo sjóði, 1% í Sjúkrasjóð og 0,25% í Orlofssjóð.

Spurning um hvort eigi að skilja að sjóðina og kaupa fasteignir, t.d. orlofsíbúðir á Akureyri og í Reykjavík. Ath með möguleika á samstarfi við önnur félög um orlofshús.

8. EHI

Fagrað EHI, Tryggvi v beiðni frá Atlandtic um Hópstjóranám. 80klst nám, áhyggjur af þróun funda með EHI. Umræður um könnun meðal félagsmanna um menntun.

9. Önnur mál

a) Leiðsögn verður 50 ára 6. júní 2022. Umræður um að skrifa sögu félagsins.

b) Sterna travel, vandamál með launagreiðslur -mögulegt gjaldþrot framundan.